

AUGLÝSING

um deiliskipulagsmál í Eyja- og Miklaholtshreppi.

Hreppsnefnd Eyja- og Miklaholtshrepps samþykkti á fundi sínum 3. desember 2020 deiliskipulag við Laugargerðisskóla.

Í deiliskipulaginu eru skilgreindar 11 nýjar einbýlis- og parhúsalóðir fyrir 13 íbúðir, ásamt 7 hesthúsalóðum. Tillaga þessi er í samræmi við gildandi aðalskipulag sveitarfélagsins. Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hreppsnefnd Eyja- og Miklaholtshrepps samþykkti á fundi sínum 3. desember 2020 breytingu á deiliskipulagi í landi Stóra-Króks.

Breytingin felur aðallega í sér breytingar á byggingarskilmálum. Tillaga þessi er í samræmi við gildandi aðalskipulag sveitarfélagsins. Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hreppsnefnd Eyja- og Miklaholtshrepps samþykkti á fundi sínum 3. desember 2020 breytingu á deiliskipulagi í landi Miðhrauns 2.

Deiliskipulagstillagan felur í sér heimild til byggingar á náttúrulegri baðlaug og lóni auk þjónustubyggingar. Tillaga þessi er í samræmi við breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins. Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Stykkishólmi, 22. ágúst 2021.

Ragnar Már Ragnarsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.